

dómur að vera óraskaður. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 60 kr.

Dómi þessum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. marzmánaðar.

Nr. 3/1901:

Réttvísinn

gegn

Hjálmarí Ísakssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Vestmannaeyjasýslu, gengnum 23. okt. f. á., var hinn ákærði, Hjálmar Ísaksson, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað í 6 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að lúka öllum málskostnaði, þar með talin málsvarnarlaun til Sigurðar hreppstjóra Sigurfióssonar 4 kr.

Þessum dómi hefir hlutaðeigandi amtmaður áfrýjað til landsyfirdómsins.

Það er með eigin játningu ákærða, sem ekki kemur í bága við það, sem á annan hátt eru leidd rök að í málinu, löglega sannað, að hann 4. okt. f. á. um morguninn milli 7. og 8. stundar fór inn í fiskikró Guðmundar nokkurs Þórarínssonar — en króarhurðin stóð þá opin, að því ákærði hefir boríð og ekki er hægt að vefengja — og hafði á burt með sér þaðan $\frac{1}{4}$ poka, en í honum var þrjóna-poki og skinnskjóða, og í þeim nokkuð af kaffi, sykri, hagldabrauði o. fl., alt saman hér um bil 5 króna virði; eigandi þessa var Ólafur nokkur

Símonarson frá Steinum í Austur-Eyjafjallabreppi. Þýfið lét ákærði í tunnu í fiskikró sinni, án þess að róta við því, nema hvað hann úr þrjónapokanum tók nálægt 1½ pd. af kandissykri, ½ pd. af hvítasykri og 4 hagldabrauð, og lét það í klút, er hann sjálfur átti, án þess þó að hafa hann burt með sér, heldur lét hann klútinn ofan í sömu tunnu og hitt þýfið. Eigandinn hefir fengið aftur alt það er frá honum hvarf, að undanskildum nálægt 20 kvintum af hvítasykri, er hann hyggur að vanti, en þó ekki hefir krafist endurgjalds fyrir, enda ekki sannað, að ákærði hafi eytt því. Héraðsdómarinn hefir með réttu heimfært þetta afbrot ákærða undir 230. gr. alm. hegningarlaga, og þykir eftir öllum málavöxtum mega ákveða hegningu þá, sem ákærði, sem kominn er langt yfir lögaldur sakamanna og ekki, svo kunnugt sé, áður hefir sætt hegningu fyrir neitt afbrot, hefir til unnið, 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Yfirdómurinn felst á ákvæði héraðsdómsins um málskostnað og varnarlaun talsmanns ákærða í héraði, og ber því með umgetinni breytingu á hegningunni að staðfesta hinn áfrýjanda dóm. Ákærða ber einnig að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Að því suertir rekstur málsins í héraði athugast, að héraðsdómarinn ekki hefir útvegað hegningarvottorð úr Múlasýslunum, þar sem ákærði hefir fyrir nokkrum árum dvalið 3 ára tíma; en

með því ákærði hefir alið allan aldur sinn í Vestmannaeyjum að undanskildum nefndum 3 ára tíma, og það því er meira en líklegt, að kunnugt hefði verið í Vestmannaeyjum ef ákærði hefði sætt hegningu eystra, þá hefir þótt mega við svo búíð standa um þetta atriði. Að öðru leyti vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vitalaus. Sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjandi dómur á að vera óraskadur, þó þannig, að hegningin sé 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærða ber einnig að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. marzmánaðar.

Nr. 2/1901:

Réttvísni

gegn

Jónasi Jónassyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 4. september f. ár, var hinn ákærði Jónas snikkari Jónasson, dæmdur fyrir brot gegn alm. hegningarlögum 25. júní 1869, 261. gr., til að sæta